



já, ELF
flytja þessa greiðslu, það er hrýn, hennja greiðslu staðfestingu hér.

Nafn: Mítt
IBAN: DE 43 2512 0551 0000 0000 0000
BIC / SWIFT: COMDE333
Bank: Commerzbank
Heimilisfang: Berlin, Germany.
Reikningsnúmer: 1026100
Upphæð: 12900 EUR

NETGLÆPIR

Netsvindl og íþróttafélög

Tölvupóstsvindl

BEC – Business Email Compromise

Send 'Jóni foresta' <jon.i%rottafelag@yandex.com>

Subject RE: Greiðsla

Hvað segir þú? Hvert á að senda greiðslu?

Kv.

Anna

From: Jóni foresta <jon.i%rottafelag@yandex.com>
Sent: 8. október 2020 09:34
To: Anna gjaldkeri
Subject: Greiðsla

Hæ Anna
Getum við greitt til Evrópu í dag
það er fyrir leiðbeinanda

Kveðja
Jón
Sent frá iphone

Skilaboð af þessu tagi eru aðeins af koma upp í dag hjá íþróttafélögum í dag en það var þó nokkuð um sambærileg svindl fyrir um 3 árum. Svindlararnir koma fram í nafni formanns félagsins og senda á gjaldkerann. Upphæðir eru algengar frá 400.000 kr. og upp í milljón sem er mjög mikið tjón fyrir lítil félög. Hér er smá umfjöllun um þessa tegund af svindli.

Verknaðaraðferð MO Modus Operandi: - Þau sem standa að svindlinu komast yfir lista með stjórn félaganna og velja úr formann og gjaldkera. Senda síðan póst í nafni formanns til gjaldkera til að knýja fram greiðslu á erlenda reikning. Oftast er tímapressa, þarf að gerast í dag til gefa viðtakanda lítinn tíma til að bregðast við. Pósturinn að ofan er dæmi um slíkt. Í honum er líka algeng hættumerki, netfangið er bogið. En það stoðar lítið því oft sér viðtakandi það ekki nema að leita sérstaklega eftir því eða það getur verið mun betur falið og ekki fyrir leikmann að sjá muninn. Það er líka mun erfiðara að sjá slíkt í sínum en í tölvum. Ef greiðsla er send af stað þá fylgir oft önnur beiðni, því þetta er vinna svindlaranna. Að hafa af fólki fé. Þessi aðferð er kölluð á ensku **Business Email Compromise** eða **BEC**. Vísar það til þess að oftast er reynt að ráðast á fyrirtæki með þessari aðferð

og er þetta sá flokkur netglæpa sem veldur mestum fjárhagslegum skaða á Íslandi og í heiminum öllum. Heildartjón á Íslandi er nærri einum og hálfum milljarði á síðustu 3 árum.

Sérstakir áhættuhópar: Íþróttafélögum er sérstaklega hætt við þessu vegna þess að svo margir sinna þessum störfum í sjálfböðavinnu og eru því óvön í þessu samhengi. Það er þess vegna útsettara fyrir því að framkvæma slíkar svikagreiðslur. Þá bætist við að stundum koma þjálfarar frá öðrum löndum og því geta slíkar greiðslur átt sér eðlilegar skýringar. Þetta vita þeir sem standa að svindlinu og því leita þeir eftir félögum og stjórnnum þeirra.

Góðar venjur

- Regla númer eitt er að ef þú færð tölvupóst þar sem þú átt að greiða inn á **áður óþekktan reikning** þá skaltu hafa samband beint við þann sem sendi þér póstinn og með öðrum hætti en tölvupósti og fá staðfestingu á honum. Hringdu í síma viðkomandi eða hittu hann. Oft er villandi texti settur inn í skeytin eins og „ég er á fundi og það er ekki hægt að ná í mig í síma“ en það er bara til að setja þann sem á að svindla á í pressu.
- Ef það er tímapressa í skeytum, þá er það hættumerki. Ekki láta það setja þig í aukna pressu, þá er hættara við mistökum.
- Ekki ýta á reply á svona skeytum, sendu frekar nýjan póst á viðkomandi. Þessi póstur er oft þannig frágenginn að reply fer á svindlarann en nýr póstur fer oft á réttan viðtakanda eða að báðir möguleikar koma upp og þá er oft augljóst að önnur er falsk slóð.
- Ef þú ert í samskiptum við erlendan samstarfsaðila sem vill breyta greiðslufyrirkomulagi þá er líka full ástæða að hafa varan á sér og setja sig í beint samband við sína tengla þar. Sá sem greiðir inn á svindl er sá sem tapar og áhætta þeirra er því mikil.
- Talið saman um netglæpi og varið hver annað við, þetta er ekki eitt átak og þá er það búið það þarf stöðugt að vera á varðbergi og minna á þessar hættur.

Aðgerðir lögreglu: Það skiptir miklu máli að fá þessa svikareikninga til okkar. Jafnvel þó að þú sjáir að þetta sé svindl þá er gott að svara og spyrja hvert þessi greiðsla á að fara og senda okkur síðan reikninginn á abendingar@lrh.is og cybercrime@lrh.is – við erum í samstarfi við Seðlabankann og tilkynnum þessa reikninga sem váreikninga (hættu reikninga) og það hefur bjargað tugum milljóna hér á landi. Við sendum líka inn tilkynningar erlendis um að þetta séu reikningar sem eru tengdir peningþvætti. Allt þetta skiptir máli. Ef nokkuð er liðið frá því að greiðsla hefur verið send, þá eru samt afar litlar líkur á því að við getum náð peningum til baka og því skipta forvarnir svo miklu máli.